



Borgarráð

Efni: Innheimtupjónusta borgarinnar frá september 2019

Vísað er til fyrirspurnar, dagsett 20. janúar sl., frá áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins um innheimtupjónustu borgarinnar frá september 2019.

Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Fulltrúa sósíalista hefur sent út sambærilega fyrirspurn vegna tímabilsins 2018-september 2019 og spyr því út í tímabilið eftir það. Hvað hafa margar innheimtukröfur verið sendar út frá 13. september 2019 til dagsins í dag, frá Gjaldheimtunni ehf. annars vegar og Momentum ehf. hins vegar, vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg? Hversu mörg innheimtubréf hafa verið send út í milliinnheimtu og undir hvaða einingaverð féllu þau? Hversu mörg símtöl hafa verið hringd vegna innheimtu og lendir allur sá kostnaður á þeim sem standa í skuld við borgina? Hversu margar skuldir hafa farið í löginheimtu? Lendir sá kostnaður allur á þeim sem skuldar? Hvað hafa mörg löginheimtubréf verið send út vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg? Hvaða kröfur er helst um að ræða, skipt eftir þjónustubáttum?“

Reykjavíkurborg hefur ekki yfir að ráða upplýsingum um þær tölur og fjárhæðir sem meðfylgjandi fyrirspurn lýtur að og var því óskað svara frá Gjaldheimtunni ehf. og Momentum ehf.

Fyrirspurnin brotin niður í sex liði:

1. Hvað hafa margar innheimtukröfur verið sendar út frá 13. september 2019 til dagsins í dag (2. febrúar 2022), frá Gjaldheimtunni annars vegar og Momentum ehf. hins vegar, vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg?

Svar:

- Heildarfjöldi krafna sem fluttar hafa verið yfir til Momentum til milliinnheimtu fyrir Reykjavíkurborg frá 13. september 2019 til dagseins í dag voru 58.800 kröfur. Heildarfjöldi útgefinna krafna hjá Reykjavíkurborg á sama tíma voru 1.921.688 kröfur og voru því það um 3,06% krafna sem voru fluttar til Momentum til milliinnheimtu á tímabilinu.
- Heildarfjöldi stofnaðra mála hjá Gjaldheimtunni í löginheimtu fyrir Reykjavíkurborg frá 13. september 2019 til dagsins í dag voru 3.874. Taka verður fram að sé skuldari með fleiri en eina kröfu í Momentum til milliinnheimtu þegar mál hans er flutt til Gjaldheimtunnar til löginheimtu þá eru málin hans sameinuð í eitt mál hjá Gjaldheimtunni til þess að draga úr kostnaði skuldara vegna löginheimtu.

2. Hversu mörg innheimtubréf hafa verið send út í milliinnheimtu og undir hvaða einingarverð féllu þau?

Svar:



Heildarfjöldi milliinnheimtubréfa hjá Momentum fyrir Reykjavíkurborg frá 13. september 2019 til dagsins í dag voru 65.844 bréf en þar af voru send út 45.823 bréf 1 og 20.021 bréf 2. Hlutfall bréfa í hverjum flokki var eftirfarandi í báðum tegundum bréfa:

Innheimtubréf 1	einingaverð	fjöldi	Hlutfall
Krafa undir kr. 3.000	390	1.248	2,72%
Krafa kr. 3.000 - kr. 10.499	462	17.120	37,36%
Krafa kr. 10.500 - kr. 84.999	611	23.690	51,70%
Krafa kr. 85.000 og yfir	885	3.765	8,22%
	Innheimtubréf 1	45.823	100,00%
Innheimtubréf 2			
Krafa undir kr. 3.000	390	609	3,04%
Krafa kr. 3.000 - kr. 10.499	462	7.650	38,21%
Krafa kr. 10.500 - kr. 84.999	555	9.571	47,80%
Krafa kr. 85.000 og yfir	590	2.191	10,94%
	Innheimtubréf 2	20.021	100,00%

Einingaverð milliinnheimtubréfa eru sundurliðuð í gjaldskrá Momentum skv. samningi við Reykjavíkurborg. Gjaldskráin hefur ekki breyst frá upphafi samnings, eða frá 1. janúar 2018.

3. Hversu mörg símtöl hafa verið hringd vegna innheimtu og lendar allur sá kostnaður á þeim sem standa í skuld við borgina?

Svar:

Heildarfjöldi gjaldfærðra símtala hjá Momentum vegna milliinnheimtu fyrir Reykjavíkurborg frá 13. september 2019 til dagsins í dag voru 11.982 símtöl, þ.e. að segja þau símtöl sem annað hvort hafa verið greidd þegar krafan sem er í milliinnheimtu er gerðu upp eða vegna mála sem teljast svokölluð opin mál og eru enn ógreidd. Fari kröfur úr milliinnheimtu yfir í löginheimtu fellur allur kostnaður niður vegna milliinnheimtu, þar á meðal kostnaður vegna símtala. Að öðru leyti fellur kostnaður símtala á greiðandann skv. fyrrnefndri gjaldskrá.

4. Hversu margar skuldir hafa farið í löginheimtu? Lendar sá kostnaður allur á þeim sem skuldar?

Svar:

Ekki er hægt að svara beint hversu margar skuldir hafa farið í löginheimtu þar sem skuldir/kröfur þeirra sem eru með fleiri en eina skuld/kröfu eru sameinaðar áður en mál eru send í löginheimtu. Eins og kemur fram í svari 1 voru 3.874 mál stofnuð í löginheimtu hjá Gjaldheimtunni frá 13. september 2019 til dagsins í dag. Kostnaður vegna löginheimtu lendar allur á þeim sem skuldar.

5. Hvað hafa mörg löginheimtubréf verið send út vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg?

Svar:

Aðeins er sent eitt löginheimtubréf vegna hvers máls í löginheimtu. Það hafa því verið send 3.874 löginheimtubréf vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg frá 13. september 2019 til dagsins í dag.



6. Hvaða kröfur er helst um að ræða, skipt eftir þjónustubáttum?

Svar:

Í neðangreindri töflu má sjá skiptingu krafna í milliinnheimtu eftir flokkum en kröfurnar flokkast eftir því á hvaða kennitölu Reykjavíkurborgar þær eru stofnaðar. Innan flokksins Reykjavíkurborg eru m.a. kröfur frá skóla- og frístundasviði, menningar- og ferðamálasviði og vegna fasteignagjalda.

Nafn	Kennitala	Fjöldi	Hlutfall
Velferðarsvið	4404720609	2.328	3,96%
Bilastæðasjóður	5011700119	6.402	10,89%
Umhverfissvið	5104022940	244	0,41%
ÍTR	5212861569	168	0,29%
Reykjavíkurborg	5302697609	48.933	83,22%
Eignasjóður	5704800149	725	1,23%
Samtals:		58.800	100,00%

Haldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs